




BÚÐAHRAUN

BÚÐIR

BÚÐAVÍK

Búðir er kirkjustaður vestast í Staðarsveit. Er þar vinsæll ferðamannastaður enda náttúra fögur og sérkennileg. Þar er hótél og tjaldstæði. Boðið er upp á bátsferðir og hvalaskoðun. Vestan Búða er Búðahraun. Þykir hraunið sérkennilegt vegna fjölbreytts gróðurs. Skilur það á milli Staðarsveitar og Breiðuvíkur. Búðahraun rann frá Búðakletti, sem er gjallgígur í miðju hrauninu. Gjallgígar myndast við



blönduð gos á kringlóttum gosopum eða stuttum gossprungum. Þeytast upp hraunklessur sem koma niður hálfstorknaðar, fletjast út og mynda sambrædda klepraveggi eða gjallhrúgöld. Hraunið rennur um skörð á gígveggjunum, oft langa leið í hrauntröðum. Búðahellir er við Búðaklett. Norðan Búða stendur hraungúllinn Mælifell ljós á litinn, enda úr líparíti. Hraungúlar myndast við

troðgos, og eru oft geysistórir. Troðgos eru þegar seig líparítvikva hrúgast upp yfir gosrásinni og rennur lítið sem ekkert til. Troðgos verða jafnan á stuttum sprungum eða kringlóttum gosopnum og verður grunnflötur hraungúla oftast hringlaga eða ílangur. Við Mælifell liggur þjóðvegurinn yfir Fróðarheiði til Ólafsvíkur. Vestan Búðahrauns gengur stór vík inn í ströndina. Heitir hún Breiðavík. Að baki



Breiðuvíkur eru brattar fjallshlíðar. Ljósgrýtisskellur skreyta hlíðarnar. Í fjörunni er Hraunlandaríf myndað úr fagurlitum skeljasandi. Ofan þess er lónið Miðhúsavatn. Snæfellsjökull gnæfir formfagur yfir umhverfið yst á Snæfellsnesi. Er hann eldkeila sem myndast hefur í mörgum gosum úr sama gosopi. Vestan Breiðuvíkur er Stapafell og neðan þess Arnarstapi. Flugvöllur er við Básavík.

